

Bjarneyjarsandur

Nemendur í 1. og 2. bekk fóru í sveitaferð á Bjarneyjarsand í Hvalfirði ásamt kennurum. Ekið var inn Hvalfjörðinn í mjög góðu veðri og voru móttökur ábúenda einstaklega góðar. Nemendur voru heppnir að sjá margar ær bera rétt á meðan þeir stoppuðu í fjárhúsunum og það mátti sjá ýmis- konar svipbrigði þegar þau horfðu á ærnar bera. Þarna var ær sem bar 6 lömbum deginum áður og er það afar sjaldgæft. Það mátti leika í heyinu í hlöðunni ef farið var eftir ákveðnum reglum og var það mjög vinsælt. Á bænum voru einnig hestar, kanínur, kisa, hænuungi og hundur. Einnig var farið niður í fjöru og þar gátu krakkarnir fengið að skoða og snerta kross- fiska, ígulker, krabba, marhnúta o.fl. lífverur sem bændurnir á Bjarneyjar- sandi hafa fangað í sjónum fyrir utan. Nemendur sáu fugla, tíndu skeljar og óðu í sjónum. Að lokum voru grillaðar pylsur. Á heimleiðinni var mikið sungið og þegar leið á ferðina voru margir farnir að dotta, enda búið að vera mikið að gera í sólinni á Bjarneyjarsandi og frábær ferð í alla staði.



Virkjum vísindin og hugvitið hjá unga fólkinu

Ykkur er boðið á vísindakeppnina sem haldin er öðru sinni í Reykjanesbæ þriðjudaginn 3. júní kl. 13:30 í Akurskóla. Gert er ráð fyrir að keppnin taki um tvær klukkustundir. Í ár taka yfir sjötíu nemendur, á aldrinum 13 – 15 ára, þátt í keppninni en þeir eru í Akurskóla, Heiðarskóla, Holtaskóla, Njarðvíkurskóla, Gerðaskóla í Garði og Stóru-Vogaskóla.

Skólaslit

Skólaslit verða 5. júní nk. á sal skólans. Mæting er eins og hér segir:

- Kl. 9:00 mætir 1.-2. bekkur.
- Kl. 10:00 mætir 3.-4. bekkur.
- Kl. 11:00 mætir 5-6 bekkur.
- Kl. 13:00 mætir 7.-8. bekkur.


Sparisjóðurinn í Keflavík

Leikskólabörn í heimsókn



Leikskólabörn frá leikskólunum Holti, Akri og öðrum leikskólum bæjarins sem hefja skólagöngu í Akurskóla næsta skólaár eru búin að koma í heimsókn til nemenda 1. og 2. bekkjar. Þau hafa skoðað skólann og tekið þátt í skólastarfinu. Börnunum fannst það mjög gaman og báru fram ýmsar spurningar eins og "Hvernig getur maður vitað hvort að skólabjallan sé að hringja eða hvort það sé brunabjallan?"

Úlfjótswatn

Miðvikudaginn 4.júní fer skólinn í sína árlegu vorferð með 5., 6., 7. og 8. bekk. Að þessu sinni er ferðinni heitið að Úlfjótswatni við Ljósafossvirkjun. Þar verður tekið á móti okkur og nemenda bíður frábær skemmtun. Hægt verður að fara í klifurturninn, báta og ratleik sem starfsmenn munu setja af stað. Hádegismatur og nesti verður borðað á staðnum þar sem nemendur koma með drykki, hollt nesti og pylsubrauð en þeir þurfa ekki að taka með sér pylsur. Nammi og gos er ekki í boði í þessari ferð. Við verðum með sósur og meðlæti en grill eru á staðnum. Nemendur þurfa að koma klæddir eftir veðri í ferðina og nemendur mega koma með tæki til að hlusta á tónlist en þau eru alfarið á ábyrgð nemenda. Lagt verður af stað klukkan 8.10 frá Akurskóla, svo mikilvægt er að allir mæti á réttum tíma. Áætlaður komutími er um klukkan 14.00. Fyrir ferðina þarf að greiða 1500 kr. á mann og verður það að greiðast fyrir 1. júní til umsjónarkennara. Foreldrar þurfa að kvitta undir blaðið og skila því með peningunum til umsjónarkennara. Vakni einhverjar spurningar um ferðina þá er foreldrum og nemendum bent á að tala við umsjónarkennara. Hægt verður að ná í kennara á meðan ferðinni stendur í síma 6984349.

Akurskjól




Miðvikudaginn 28. maí fóru börnin í frístundarskólanum Akurskjóli í óvissuferð. Farið var í Sólbrekkuskóg og eins og sjá má á þessum myndum skemmtu allir sér mjög vel. Farið var í ratleik og ýmsa aðra skemmtilega leiki. Veðrið lék við okkur í ferðinni, sól og hiti. Það vakti mikla gleði á meðal barnanna þegar lítill kanínuungi kom hoppandi í átt til þeirra og fengu öll börnin að

klappa þessum litla vini okkar. Mikil fjölgun hefur orðið á börnum hjá okkur í vetur og fór fjöldinn upp í 64 börn þegar mest var. Starfið hefur vaxið og dafnað frá ári hverju og nú þegar hafa 73 börn sótt um vistun í

Akurskjóli fyrir næsta skólaár. Það er því mikil vöntun á góðu starfsfólki í Akurskjól fyrir næsta haust. Starfsfólk Akurskjóls óskar öllum börnum sínum og fjölskyldum þeirra gleðilegs sumars og vonum við að þið kæru vinir eigið eftir að njóta sumarsins og komið því glöð og ánægð til starfa á næsta skólaári.


Kveðja, Lúlla, Kolla, Fríða, Bryndís og Hrafnhildur.



Hitaveita Suðurnesja

Kópar og Kiðlingar fóru í sína árlegu vorferð föstudaginn 23. maí. Að þessu sinni lá leið okkar í Reykjanesvirkjun þar sem Víðir Sveins Jónsson tók vel á móti okkur. Þar fræddumst við um himintunglin, stóra hvell, jarðskjálfta, hljóð úr geimnum og margt fleira. Síðan lá leiðin í Svartsengi þar sem við fengum að vita hvernig jarðsjór er notaður til upphitunar á ferskvatni og framleiðslu á rafmagni.

Við enduðum svo ferðina á því að koma við í Sólbrennskógi, grilla pylsur og leita að kaninum. Þrátt fyrir smá rigningarúða var þetta alveg frábær dagur og allir fóru ánægðir heim.



Orkuverið Jörð

Nemendum 7. bekkjar, sem taka þátt í verkefninu "Virkjum vísindin og hugvitið hjá unga fólkinu" var nýverið boðið í heimsókn í Reykjanesvirkjun, nýja virkjun Hitaveitunnar. Þar fengu þeir að skoða nýja sýningu sem heitir Orkuverið Jörð. Á sýningunni er farið í gegnum hvaðan orkan kemur allt frá Miklahvelli til orkuvera nútímans. Við Suðurnesjamenn búum vel að hafa þessa aðstöðu hér við bæjarhlaðið. Það er bæði fróðlegt og skemmtilegt að skoða sýninguna og margt sem hægt er að snerta og fíka í sem fræðir sýningargestina ómeðvitað. Nemendur í 7. bekk þakka HS fyrir góðar mót-tökur.



Gróðursetning



Þann 22. maí sl. gróðursettu nemendur í 3.-4. bekk plöntur á lóð skólans með aðstoð Björns Guðbrands frá samtökunum Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs. Nemendur voru mjög áhugasamir og ætla að hlúa vel að plöntunum.



Flott án fíknar

Nemendur 7. og 8. bekkjar fengu kynningu á forvarnarverkefninu „Flott án fíknar“. Guðrún Snorradóttir verkefnastjóri kynnti verkefnið fyrir nemendum á sal skólans sl. mánudagsmorgun og um kvöldið var nemendum boðið á leikjakvöld í íþróttamiðstöðinni. Flott án fíknar er klúbbur sem nemendur í 8. og 9. bekk Akurskóla ætla að taka þátt í næsta haust. Þeir nemendur sem áhuga hafa á því að starfa í klúbbnum þurfa að skrifa undir samning við foreldra sína og klúbbstjóra um það að þeir ætli ekki að neyta neinna vímuefna á meðan þeir eru í grunnskóla. Klúbburinn mun standa fyrir ýmsum skemmtilegum uppákomum og ferðum næsta vetur. Markmið verkefnisins er fyrst og fremst að kynna fyrir unglingum félagsstarf, námskeið og ungmennskípti sem gera unglingsárin heilbrigð, spennandi og skemmtileg.



Hjólahjálmar



Kiwanishreyfingin á Íslandi og Eimskip færðu nemendum 1. bekkjar reiðhjólahjálma að gjöf. Afhending hjálmana fór fram í íþróttamiðstöð Njarðvíkurskóla þann 6. maí sl. Nemendur voru mjög ánægðir með gjöfina.

Manngildissjóður

Akurskóli hlaut styrk Manngildissjóðs vegna verkefnanna „Byrjendalæsi“, „Flott án fíknar“ og „Ég og þú, þú og ég, við tvö saman“. Eru starfsmenn og foreldrar afar þakklátir fyrir það.

Skólakynning

Skólakynning var í síðustu viku fyrir foreldra/forráðamenn barna sem hefja skólagöngu sína í Akurskóla næsta skólaár. Stjórnendur Akurskóla kynntu skólastarfið ásamt umsjónarmanni Akurskjóls.

Stjórn foreldrafélagsins

Á sameiginlegum aðalfundi foreldrafélagsins og foreldraráðs, sem haldinn var þriðjudaginn 27. maí síðastliðinn var Hafdís Norðfjörð Hafsteinsdóttir kosinn nýr formaður stjórnar foreldrafélags en fráfarandi formaður Inga Birna Kristinsdóttir lét af formennsku. Við þökkum Ingu Birnu kærlega fyrir fórnfúst starf og bjóðum Hafdísi velkomna í starfið. Ný stjórn foreldrafélags var kosin og einnig var kosið í foreldraráð fyrir næsta skólaár. Við hlökkum til að starfa með þessum foreldrum næsta vetur og viljum jafnframt þakka öllum sem starfað hafa með okkur í vetur kærlega fyrir samstarfið.

Vorhátíð

Mánudaginn 2. júní verður vorhátíð í Akurskóla. Nemendur mæta í skólann skv. stundatöflu en öll almenn kennsla fellur niður þann dag. Á skólalóðinni verða fjölbreyttar og skemmtilegar stöðvar í boði, s.s. málningarstöð, spilastöð, boccia, taflkeppni, singstar, íþróttastöð, sundstöð, fótboltastöð og einnig verður hoppukastali og veltibíll í boði. Lögreglan mun einnig mæta á staðinn og skoða reiðhjól barna og er því tilvalið að koma á hjóli í skólann. Síðan verða grillaðar pylsur og vonandi verða veðurguðirnir góðir.

Kornið

Fréttabréf Akurskóla

Ábyrgðarmaður: Jónína Ágústsadóttir

Akurskóli
Tjarnabraut 5
S: 420 4550 Fax: 420 4551
www.akurskoli.is
akurskoli@akurskoli.is